

Reykjavík 30. ágúst 2002

Fréttatilkynning frá Björgólfi Thor Björgólfssyni

Vegna fréttu síðustu daga af sölu Landsbanka Íslands hf. á eignarhlutum í VÍS vill Björgólfur Thor Björgólfsson taka fram að áhugi hans og félaga hans, þeirra Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar, á kaupum á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands, er enn til staðar.

Hins vegar veður það undrun að keppinautar um bankann fái tækifæri til að kaupa innan úr honum mikilvægar eignir á borð við 45% eignarhlut í VÍS. Þá veður það jafnframt spurningar að þeir tveir fyrirtækjahópar, sem einnig sækjast eftir hlut ríkisins í bankanum, fái að koma fram sem tveir aðilar, þegar eigna- og stjórnatengsl eru eins mikil á milli þeirra og raun ber vitni.

Björgólfur Thor Björgólfsson og félagar líta svo á að eiginlegar viðræður um kaup á hlut ríkisins í Landsbankanum séu ekki hafnar. Hingað til hafi aðilar einungis skipst á upplýsingum. Þá telur Björgólfur Thor að framvinda mála síðustu daga sýni að ekki eru í gildi skýrar reglur um hvernig standa skuli að sölu eigna ríkisins í bönkum.